

Fundur Fræðslu og menningarnefndar þriðjudaginn 10.febrúar 2009

Fundur settur kl. 17.55 í Grunnskólanum á Bakkafirði

Mættir: Guðni Hauksson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Soffía Björgvinsdóttir, María Guðmundsdóttir, Heiðrún Óladóttir, Rósa Magnúsdóttir, Mirjam, Klara Sigurðardóttir og Hilma Steinarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1.Mál. Halldóra Gunnarsdóttir æskulýðs og menningarfulltrúi kynnt.

2. Mál. Skýrslur skólastjóra.

Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn:

- 79 nemendur í Grunnskólanum á Þórshöfn
- Annarpróf fyrri annar búin
- 112 dagurinn á morgun og í ár er lögð áhersla á öryggi barna.Á morgun verður farið yfir rýmingaráætlun og allir taka þátt í æfingu.
- Búið er að ráða tónlistarkennara. Hann heitir Mati Þóðra og kemur til starfa 1.mars 2009.
- Stendur jafnvel til að pólskir nemendur fái einn tíma á viku í pólskukennslu, málið er í athugun.
- Á fimmtudag verður gerð lífstílskönnun hjá nemendum í 5.-10 bekk, Olweuskönnun um næstu mánaðarmót og pisa könnun í vor.
- Skólaferðalög í vor, 9. Bekkur fer til Danmerkur, heimsækja skóla og hitta krakka á sínum aldri. Það stendur til að á hverju ári fái einn bekkur að fara til Danmerkur.
- Sparnaður, minnka yfirvinnu og ferðakostnað. Nemendur stundum sendir heim ef þess þarf í stað fyrir að borga yfirvinnu.
- Skólanámskrá á að vera tilbúin 6.mars næstkomandi
- Uppbygging sjálfsaga , vinna um skólastefnuna rædd

Skólastjóri Grunnskólans á Bakkafirði

- Skólanámskrá á að vera tilbúin 6. mars næstkomandi
- Skólinn fékk bréf um úttekt á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla
- Þorrablót var haldið á bóndadaginn með leikskólanum
- Skólastjórar fara á fund 20.febrúar og er yfirskrift fundarins sparnaður
- Nemendur í 6. og 7. bekk heimsóttu Grunnskólann á Þórshöfn, almenn ánægja með ferðina
- Þemavinna í gangi, þemað er Bakkafjörður

Leikskólastjóri Leikskólans á Bakkafirði

- Tvö ný börn, yngsta barnið er 10 mánaða
- 9 barngildi

- Þau börn sem eru átta tíma eiga tíma frá kl. 7.45 til kl.15.45. Börn sem eru færri klukkustundir geta keypt sér auka korter í upphafi og lok dags. Þetta er gert til að spara yfirvinnu.

3.Mál. Afgreiðsla sveitarstjórnar á bókunum um sparnaðarhugmyndir tengdar tónlistarkennslu og könnun á kostnaði við stöðu sérstaks afleysingarkennara sem samþykktar voru á fundi fræðslunefndar 11.12.08. Guðni las upp bókarnir sveitarstjórnunar af fundi 11.12.08

4.Mál. Staða ungmenna í því samfélagi sem við búum þeim. Umræður um bæði jákvæða og neikvæða þætti þess að búa í smærri samfélögum.

Umræður um framhaldsskóladeildina sem fjárveiting er komin í. Nemendur í elstu bekkjum Grunnskólans virðast vera mjög jákvæðir og því er mjög líklegt að þessi deild fari af stað næsta haust. Nefndin vill lýsa ánægju sinni með gang mála og fagnar því sérstaklega að þetta sé að verða að veruleika.

Heiðrún kynnti niðurstöður eineltiskönnunar sem gerðar voru í nóvember 2006 og nóvember 2007. Einelti minnkaði á milli árána en var enn til staðar 2007. Meira einelti hjá strákum en stelpum og er meira í yngri deildum hjá þeim en eldri.

5.Mál. Halldóra kynnti sitt starf. Það sem fram kom var t.d.

- Félagsmiðstöðin hefur verið opnuð, klúbbastarf að fara í gang. Félagsmiðstöðin verður opin frá kl. 15-17 á þriðjudögum í vetur
- Mikilvægi félagasamtaka rædd, fram kom að mikilvægt er að hafa eitthvað starf á vegum félagasamtaka fyrir þá unglinga sem verða hugsanlega í framhaldsskóladeild á Þórshöfn

6.Mál. Mirjam, sem mætti á fund fyrir hönd foreldrafélagsins, kynnti starf félagsins.

- Félagið hefur séð um fjáraflanir
- Bekkjarfulltrúar hafa verið kostnir, tveir foreldrar eru fyrir hverja bekkjardeild. Þeir eru hugsaðir sem tengiliðir milli skólans og heimilanna
- Foreldrafélagið er komið með pláss á heimasíðu Langanesbyggðar. Þar má finna ýmsar upplýsingar um starfið og nöfn á bekkjarfulltrúum og fleira

Önnur mál

Ýmsir kostnaðarliðir ræddir og spáð í hvar væri hægt að spara.

Fræðslunefnd lauk fundi sínum kl. 19.55

Menningarmálanefnd hóf fund kl. 19.55

1.mál. Hugmyndir um fyrirkomulag menningarmála hjánefndinni samanber bókun sveitarstjórnar 16.12.08. Samvinna nefndarinnar og nýráðs æskulýðs og menningarfulltrúa rædd. Ákveðið var að fyrsti fundur menningarmálanefndar og Halldóru verður föstudaginn 13.febrúar kl. 12.00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

2.mál. Eitt erindi liggur fyrir og er tillaga formanns að fresta afgreiðslu þess til sérstaks fundar um menningarmál

Fundi slitið kl. 20.05